

SKIMUNARLISTI

Stálsmiði

Markmiðið með skimunarlistanum er að leggja fyrsta mat á hvort þú átt erindi í raunfærnimat. Niðurstaðan er aðeins vísbending um hvort ástæða sé til að skoða næstu skref með ráðgjafa.

Stálsmiðir þurfa að geta unnið sjálfstætt og skipulega. Forsendur fyrir raunfærnimati er að þú hafir öðlast talsverða færni og eru því sett lágmark um 23 ára lífaldur og 3 ára starfsreynsla í faginu.

Ekki þarf að hafa þekkingu á öllum þáttum til að eiga erindi í raunfærnimat.

Færniþmiðum er skipt í flokka og skalinn hér til hliðar notaður. Neðst í hverjum flokki er kassi þar sem þú getur bætt við atriðum eða skýrt frekar út þína hæfni. Endilega notaðu þá.

1	Lítill þekking/færni
2	Nokkur þekking/færni
3	Góð þekking/færni
4	Mikil þekking/færni

Nafn			
Lífaldur		Starfsaldur í grein / ár	

Málmsuða	1	2	3	4
Almennt				
Ég þekki gastegundir og gasblöndur sem notaðar eru við suðu				
- þekki hlutverk hlífðargassins og réttar stillingar				
- þekki skilyrði málmþæringar				
Hlífðargassuða				
Ég þekki aðferðir til að hreinsa oxíðhúð af áli fyrir suðu				
- þekki helstu suðugalla í áli og orsakir þeirra				
- þekki aðferðir til að hreinsa oxíðhúð af ryðfríu stáli eftir suðu				
- þekki áhrif suðu á tæringarþol í ryðfríu stáli				
- þekki alla hluta suðubýssunnar, drifbúnað og leiðara fyrir MIG/MAG				
- get stillt suðutækin þ.e. straum, vírhraða og spennu				
- get sett rúlluvír í suðutækin og valið rétta spíssa, drifbúnað og barka				
- get stillt gasflæði, valið gashulsu og skaut				
- get soðið í suðustöðum PA-BW, PA-FW, PB-FW, PC-BW, PF-FW, PF-BW				

- get gegnumsoðið 5 mm stálplötu öðru megin frá í suðustöðu PF-BW í V-rauf				
Logsuða				
Ég þekki gashylkin, meðferð þeirra, lit og toppventla				
- þekki notkunarvið acetýlens og súrefnis				
- get logskorið stál fríhendis				
- þekki bakslagsöryggisbúnað, aðalhluti hans og virkni				
- þekki suðubrennara, lágþrýstibrennara / háþrýstibrennara				
- get útbúið fas á rör og skeytt saman rorum				
Rafsuða				
Ég þekki mun á suðu með rið- og jafnstraum				
- þekki mun á suðu með plús- og mínuspól				
TIG-suða				
Ég þekki gastegundir og gasblöndur sem notaðar eru við suðu á ryðfríu stáli				
- þekki bakgas og bakgasbúnað				
Annað sem þú vilt bæta við:				

Teikningar og mælingar	1	2	3	4
Ég þekki uppbyggingu teikniforrita				
- get teiknað ásmýndir fríhendis á auð vinnublöð af einföldum hlutum þannig að vinna megi eftir þeim				
- þekki hornréttar fallmyndir, mælikvarða, strikagerðir teikninga og reglur um málsetningu				
- þekki aðferðir við gerð útflatningsteikninga				
- get mælt með málbandi, tommustokk, rennimáli, míkrómetra, spermáli og þykktarmáti (föler)				
Annað:				

Plötuvinna	1	2	3	4
Ég þekki áhrif beyginga á stærð smíðisgripa úr málplötum				
- get valið beygjuklossa og stillt beygjuvélar m.t.t. efnisþykktar				
- þekki helstu vélar og verkfæri sem notuð eru við plötusmíði				
- þekki helstu aðferðir við réttingu á stáli				

Annað:

Ráðgjafi hjá fræðslu- eða símenntunarmiðstöð getur leiðbeint þér um framhaldið, meðal annars fundið út hvort og hvenær raunfærnimat er að hefjast í greininni.

Nánari upplýsingar um fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar má finna [hér](#).

Gangi þér vel.